

LÖG

um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Rétt til að kalla sig iðnfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðið iðnfræðingur hafa þeir einir hér á landi sem lokið hafa fullnaðarprófi í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands eða hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

Engum má veita leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar nema hann hafi lokið sambærilegu námi og iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar má veita mönnum sem starfað hafa sem iðnfræðingar eigi skemur en sex ár leyfi til þess að kalla sig iðnfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim sem þar greinir.

2. gr.

Áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt skal leita álits Iðnfræðingafélags Íslands.

Réttur til að kalla sig iðnfræðing skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. gildir frá þeim tíma er iðnfræðingur lauk fullnaðarprófi í grein sinni.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.